



## SAMSTARFSAÐILAR

Sjö samstarfsaðilar frá sjö löndum taka þátt í þessu verkefni:

-  Universidad Nacional de Educación Distancia (UNED) (Spáni)
-  Pixel (Ítalíu)
-  Háskólinn á Krít (Grikklandi)
-  Háskólinn í Groningen (Hollandi)
-  Háskólinn í Hradec Králové (Tékklandi)
-  Háskóli Íslands
-  Dicle-háskóli (Tyrklandi)



### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR

Haraldur Bernharðsson

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

Arngrímögötu 5, IS-107 Reykjavík

Sími + 354 525 4023

Tölvupóstur: haraldr@hi.is



Co-funded by  
the European Union

EME4EU verkefnið er meðfjármagnað af Evrópusambandinu. Skoðanir og viðhorf sem fram koma eru þó eingöngu höfundar (höfunda) og endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né ríkisstofnunin SEPIE geta borið ábyrgð á þeim.

Verkefnagátt: <https://eme4eu.pixel-online.org>

Verkefnanúmer: 2025-1-ES01-KA220-HED-000358473

## EME 4EU

# English-Medium Education for European Universities



EME 4EU



Co-funded by  
the European Union

# EME 4EU

## English-Medium Education for European Universities

### SAMHENGI

Hnattrænar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar og áttök í heimshlutastjórnámálum raska nú heimsskipaninni. Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir 2030, sem eru ein lykilforsenda fyrir heilðrænum viðbrögðum við loftslagsbreytingum, er ógnað. Vaxandi andlýðræðisleg og hatursfull umræða grafa undan kjarnagildum Evrópusamvinnunnar um menningarlega fjölbreytni og lýðræði. Háskólar, sem eru þróttmikil samfélög rannsókna og menntunar, gegna lykilhlutverki í að þroska inngildandi lýðræðissamfélög og sporna við mismunun.

### MARKMIÐ

Þetta verkefni miðar að því að styðja notkun ensku sem miðlunarmáls við kennslu nemenda sem ekki hafa ensku sem móðurmál (English-Medium Education, EME) í æðri menntun í Evrópu. Það er gert með því að greina árangursríkar kennsluáðferðir og auka vitund um gildi kennslu á ensku í alþjóðlegu háskólastarfi um leið og staða heimamálsins er tryggð.



### MARKHÓPAR

Verkefnið varðar ólíka hópa; þeirra á meðal eru:

- Háskólakennarar sem nota ensku sem miðlunarmál við að kenna nemendum sem ekki hafa ensku að móðurmáli munu geta lært af nýjungum í kennsluháttum og safni dæma um góðar kennsluáðferðir.
- Háskólakennarar sem ekki kenna á ensku tryggja víðara sjónarhorn og veita rannsakendum aðgang að fjölbreyttari sjónarmiðum.
- Nemendur í námsleiðum þar sem kennt er á ensku geta miðlað til verkefnisins sinni reynslu, væntingum og þörfum.
- Stjórnendur í háskólum geta haft gagn af ráðleggingum, gögnum og greiningum sem til verða á grundvelli rannsókna í verkefninu.

### AFURÐIR

Meðal afurða úr verkefninu:

- Samanburður á stefnu í ýmsum löndum varðandi notkun ensku sem miðlunarmáls (EME).
- Safn dæma um góða kennsluhætti þegar enska er notuð sem miðlunarmál.
- Leiðbeiningar fyrir stjórnendur og stjórnálamenn um notkun ensku sem miðlunarmáls.
- Fræðsluefni á vef fyrir kennara sem nýta ensku sem miðlunarmál með dæmum um kennsluáðferðir og möguleika á hagnýtingu gervigreindar.